



## 8. fundur stjórnar L.H. var haldinn í Bændahöllinni 2. september 1994.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Kristján Auðunsson, Sigurgeri Bárðarson, Sigurður Þórhallsson, Kristmundur Halldórsson, Águst Oddsson.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fund og bauð menn velkomna til fundar.

### 1. Próun mála frá síðasta stjórnarfundi.

Landsmótið á Gaddstaðaflötum við Hellu var tekið til umfjöllunar. Rætt var um þátt skrifstofu L.H. í undirbúningi vegna mótsins. Þar má nefna m.a. skráningar og ýmsa þjónustu sem skrifstofan lét í té. Fundur í fram-kvæmdanefnd Landsmótsins hefur ekki verið haldinn en verður haldinn fyrri hluta þessa mánaðar. Fram kom að brúttó sala aðgöngumiða varð 30-33 milljónir króna. Þetta gefur áningarálfasjóði L.H: góðar tekjur eða 600-650 þúsund krónur. Stjórnin er sammála um að Landsmótið hafi heppnast vel og verið glæsileg hátið hestamanna og mótshöldurum, sunn-lensku hestamannafélögunum til mikils sóma. Fram kom í umræðum að huga þarf að ýmsu sem tengist keppni og álagi á sýningar- og keppnishross á stórmótum. Mál manna var að t.d. í úrslitakeppni sé álagið í vissum tilfellum orðið of mikið og sömu hross komi jafnvel of oft fram í sýningum og keppni á sama móti. Stjórnin samþykkti að fela Sigurði Þ. framkvæmdastjóra L.H. að rita framkvæmdanefnd Landsmótsins bréf þar sem fram komi þakklæti til hennar fyrir framkvæmd mótsins sem var hið glæsilegasta eins og áður hefur komið fram.

### 2. Aðalfundur FEIF 4. júlí.

Formaður gerði grein fyrir aðalfundi FEIF sem haldinn var í Reykjavík 4. júlí s.l. Þetta var 25 ára afmælisfundur þessara samtaka. Af Íslands hálfu sátu fundinn Guðmundur Jónsson frá L.H. og Kristinn Hugason frá Búnaðarfélagi Íslands. Fundurinn og allt í tengslum við hann heppnaðist vel að mati Guðmundar.

### 3. Æskulýðsmót FEIF.

Mótið var haldið í Skotlandi 6.-14. ágúst s.l. 6 ungligar frá Íslandi tóku þátt í mótinu. Sigurður taldi að ýmislegt varðandi mótið hefði betur mátt fara.

#### **4. Fundur um sóttvarnir.**

Guðbrandur gerði grein fyrir fundi um sóttvarnir sem haldinn var í Leifsstöð 20. júní s.l., en þessi fundur var lítillega kynntur á stjórnarfundi L.H. 24. júní s.l.

Markmið fundarins var að ræða sameiginlegar varnir og aðgerðir m.t.t. smitsjúkóma í dýrum í nútíð og framtíð.

Menn ræddu þessi mál á breiðum grundvelli og skiptust á skoðunum. Fram kom á fundinum að bæklingur og "plakat" um sóttvarnir og reglur þar að lútandi er í vinnslu og verður tilbúin á næstunni. Samkvæmt fundargjörð þessa fundar kemur fram að kostnaðinn af gerð bæklingsins greiði yfirdýralæknisembættið að hálfu, en L.H., HÍS og Félag hrossabænda að hálfu.

Styrkumsókn frá þessum aðilum var send Framleiðnisjóði landbúnaðarins að upphæð kr. 2.000.000.- Þessu hafnaði sjóðstjórnin alfarið. Stjórnin samþykkti að gera aðra tilraun um styrkumsókn til sjóðsins að upphæð kr. 200.000.- Sigurði falið að senda umsókn til sjóðsstjórnar samkvæmt þessari samþykkt.

#### **5. Reiðvegir.**

Sigurður greindi stjórnarmönnum frá því að ákveðið er að gera reiðveg frá Vífilsstöðum til Hafnarfjarðar og enn fremur að gerður skuli reiðvegur með Vesturlandsvegi. Vegagerðin greiðir allan kostnað vegna þessara framkvæmda. Þessu skal lokið fyrir 1. nóvember n.k. Þá verða undirgöng gerð undir Vesturlandsveg við Rauðhóla. Stjórnarmenn fagna þessum fyrirhuguðu framkvæmdum Vegagerðarinnar.

#### **6. Sumarleyfi.**

Sigurður greindi frá því að skrifstofa L.H. hefði verið lokað frá 18. júlí til 8. ágúst vegna sumarleyfa.

#### **7. Önnur mál.**

##### **Lyfjamál.**

Meðal annars vegna atviks sem upp kom á Landsmótinu á Gaddstaðaflötum og af öðrum ástæðum ræddu stjórnarmenn stöðu þessara mála. Kristján Auðunsson fræddi stjórnarmenn um hvernig staðið er að lyfjaprófun og vitnaði í máli sínu í framkvæmd lyfjaprófs á nýafstöðnu Íslandsmóti í hestaþróttum. Miklar umræður urðu um lyfjamálin á breiðum grundvelli og tóku margir fundarmanna til máls.

Stjórn L.H. varð sammála um að fela lyfjanefnd L.H. að móta tillögur um framkvæmd lyfjaeftirlits á keppnishrossum. Stjórnin mun leggja þessar tillögur fram á næsta landsþingi hestamannafélaga sem haldið verður á hausti komandi. Mál Hinriks Bragasonar og hestsins Gýmis var rætt ýtarlega en afgreiðsla og yfirlýsingar stjórnar varðandi málið var frestað.

- 8. Hugað að undirbúningi ársþings og aðalmálum þess.**  
 Sigurður gerði grein fyrir stöðu ýmissa mála og störfum starfsnefnda. Stjórnarmenn sem sæti eiga í hinum ýmsu nefndum gerðu stutta grein fyrir stöðu mála. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir ýmsum málum sem unnið er að milli landsþinga og öðru sem stjórninni var falið að sinna. Sigurður gerði grein fyrir ársreikningi 1993 sem lá fyrir í handriti. Fram kom að nokkur hagnaður verður á árinu.
- 9. Íslandsmet í 300 m. brokki.**  
 Málinu vísað til mótanefndar til afgreiðslu, en verður tekið upp aftur á næsta stjórnarfundi.
- 10. Rekstur Skógarhóla.**  
 Sigurður gerði grein fyrir rekstri Skógarhóla. Hann nefndi m.a. endurbætur á hesthúsinu. Sigurður og Kristján greindu frá því að unnið er að því að leggja vatn og rafmagn í Skógarhóla og fjármögnun verksins er að takast. L.H. mun ekki taka þátt í þessum kostnaði. Stefnt er að því að ljúka verkinu nú í haust.  
 Ýmis mál voru rædd varðandi Skógarhóla m.a. beitarmál, beitargjöld o.fl. Guðbrandur nefndi þá hugmynd að gera reiðstíg frá Skógarhólum að Bolabás og nefna stíginn Þorláksstíg.
- 11. Þjónusta L.H. við HÍS.**  
 Rædd var þjónusta skrifstofu L.H. við HÍS og samvinna um æskulýðsmál o.fl. Fundur þessara samtaka með fulltrúum beggja aðila verður haldinn fljótlega.
- 12. Málefni næsta ársþings.**  
 Rædd voru málefni næsta þings og "þema" þingsins m.a.  
 Næsti stjórnarfundur mun taka ákvörðun um þessi mál og önnur sem bíða.
- Fleira ekki bókað.  
 Fundi slitið kl. 20:20.
- |   |  |
|---|--|
| Halldór Gunnarsson<br>Guðbrandur Kjartansson<br>Kristján Auðunsson<br>Águst Oddsson | Guðmundur Jónsson<br>Kristmundur Halldórsson<br>Sigbjörn Björnsson<br>Jón Bergsson<br>Sigfús Guðmundsson |
|---|--|